

Alþingi
Erindi nr. P 131/1556
komudagur 25.4.2005

Reykjavík 25. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags 20. apríl, sem barst stofnuninni sl. föstudag 22. apríl varðandi beiðni um umsögn vegna máls nr. 735.

Ekki gefst tækifæri að ræða málið í ferðamálaráði fyrir þann frest sem gefinn er í bréfinu en næsti fundur í ferðamálaráði er á morgun 26. apríl. Bent skal á að þeir aðilar sem tilnefna í ráðið fá umrætt mál beint til umsagnar og fá því tækifæri á þeim vettvangi til að koma sínum skoðunum á framfæri. Þá sendi ráðið samgönguráðuneytinu umsögn um drög að umræddu frumvarpi í lok janúar sl. Ferðamálaráð mun á fundi sínum á morgun ljúka gerð formlegrar umsagnar, sem send verður samgöngunefnd.

Virðingarfyllt,

Ferðamálaráð Íslands,

Magnús Oddsson
Ferðamálastjóri.